

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	SAGA3ÞV05 Þjóðarmorð og voðaverk á 20.-21. öld
Kennari:	Dr. David Hidalgo Rodríguez
Önn:	Haust 2025
Áætlun unnin:	01/08/2025 – 21/12/2025

Lýsing:

Eftir helför nasista gegn gyðingum og fleiri hópum var gjarnan sagt „aldrei aftur“. Það „loforð“ hefur margoft verið svikið síðan þá. Í áfanganum á að skoða 20. og 21. öldina og líta á það sem flokkað hefur verið sem þjóðarmorð og/eða voðaverk en einnig verður skoðað hugtak sem farið var að nota um 1990; þjóðernishreinsanir. Því miður er af mörgu að taka í áfanga sem þessum. Efnistökin verða þau að með lestri, áhorfi og verkefnavinnu eiga nemendur að kynna sér ýmis þjóðarmorð og voðaverk sem framin hafa verið á sl. rúmum hundrað árum einkum af opinberum aðilum eða ríkisstjórnnum. Einnig á að skoða refsingar og stríðsglæpadómstóla. Helstu efni sem skoðuð verða eru: Kongó á Leopoldstímanum, Namibía: Herero fólkið, Armenía 1915, Sovétríkin: hreinsanirnar og hungursneyðin í Úkraínu, helförin, voðaverk Japana í Kína, stóra stökkið og menningarbyltingin í Kína, Kambódía árið núll, Rúanda, Darfúr, Austur Kongó og margt fleira.

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hugtalinu þjóðarmorð, hvenær það varð til og hvers vegna
- skilgreiningu þess hugtaks
- þjóðernishreinsunum og geti skilgreint hugtakið
- stríðsglæpadómstólm og hvar þeir eru starfandi
- helstu þjóðarmorðum/voðaverkum sem tengjast efninu, geti áttað sig á umfangi þeirra og orsökum og hvað olli þeirri skelfingu sem atburðurinn hafði í för með sér
- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar.

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita sjálfstæðum vinnubrögðum við öflun heimilda og úrvinnslu þeirra
- tjá sig í ræðu og riti umefni áfangans, rökræða efnið og geta miðlað því á fjölbreyttan máta
- skilgreina þau hugtök sem áfanginn fjallar um
- greina áreiðanleika heimilda og upplýsinga sem er að finna um efnið
- lesa fræðilega texta á íslensku og erlendum málum um efni áfangans

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skilgreina orsakir þessara voðaverka, gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra, bæði staðbundið og á heimsvísu • átta sig á hvers vegna leiðtogar og hópar hvetja til voðaverka gegn þjóðum, þjóðarbortum og etniskum hópum • útskýra hvers vegna alþjóðasamfélagið leggur svo mikla áherslu á að koma í veg fyrir þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir • greina orsakir þess að stórþjóðir og alþjóðastofnanir eru oft svífaseinar og getulitlar í málum þeim sem áfanginn fjallar um	
sem metið er með:	<i>Sí- og leiðsagnarmat</i>

Námsefni:	Allt námsefni útvegað af kennara	
Námsmat:		
Þetta er símatsáfangi sem byggir á leiðsagnarmati og jafningamati.		
Verkefnaeinkunn (100%):		
Tímaverkefni 1: 10%	Podcast	
Tímaverkefni 2: 10%	Podcast	
Tímaverkefni 3: 10%	Podcast	
Tímaverkefni 4: 10%	Podcast	
Tímaverkefni 5: 10%	Kynning/Umræða	
Lokaverkefni: 20%	Skólaferð/Umræða	
Virgni og Þátttakka-Dagskólanemendur / Aukaverkefni- Fjarnemendur: 30%		
Sjúkraverkefni		

* NÁMSMAT

1 Tímaverkefni (50%)

Fimm verkefni sem hvert um sig gildir 10% af áfanganum: Það þarf að skila hverju verkefni fyrir sig og skiladagur er á tveggja vikna fresti (Kemur upp á Moodle með fyrirvara). Þannig munu fyrstu tvö verkefni gilda fyrir fyrstu vörðu eða fyrsta umsagnatímabilið, og síðustu tvö/þrjú verkefni munu gilda fyrir næsta tímabil (umsögn eða vörðu númer 2).

Mælt er með að það sé fylgst vel með á Moodle og í Innu. Þar er hægt að sjá stöðu hvers nemanda fyrir sig í náminu, ásamt endurgjöf fyrir verkefni og nánari upplýsingar. Hver nemandi getur séð stöðu einkunnar sinnar bæði á Moodle og í Innu. Ef hún/hann/hán getur ekki séð þær í kerfinu reglulega eða einkunnir birtast ekki, þarf að láta kennarann vita.

Til minnis, þá birtast upplýsingar um námsmatsdaga í dagatali skólans (umsögn númer 1 / umsögn númer 2).

Verkefni má ekki afrita frá öðrum nemanda, hvorki að öllu leyti né að hluta. Ef kennarinn finnur afritað efni úr öðru verkefni, munu bæði verkefni fá einkunnina 0.

Verkefnum þarf að skila í þar til gerða skilakassa samkvæmt skólareglum (skilakassar loka nú á föstudagskvöldum fyrir dagskólanemendur og sunnudagskvöldum fyrir fjarnemendur). Verkefnum skal skila í Word eða PDF sniði. Þar þarf að tilgreina í réttri röð, verkefnisnúmer, blaðsíðu, efnisyfirliti eða lýsingu verkefnisins og síðan útfærslu.

Kennarinn getur óskað eftir að nemandinn sýni fram á þróun verkefnisins á meðan það er unnið, og það verður síðan metið í samræmi við það (sjá fyrir neðan í virkni og þátttaka).

2. Virkni og þátttaka (30%) fyrir dagskólanemendur. Aukaverkefni (30%) fyrir fjarnemendur.

Þetta eru námsþættir fyrir dagskólanemendur. Fjarnemendur fá verkefni í staðinn sem verða tilkynnt á Moodle með fyrirvara.

Fyrir dagskóla- eða staðnemendur er áherslan sú að verkefni séu unnin innan skólans á meðan á kennslustund stendur og svo eru mæting, þátttaka og vinnubrögð metin (það þarf að mæta á réttum tíma og með viðeigandi kennsluefni).

Dæmi:

Kennarinn getur annars vegar óskað eftir þátttöku nemenda byggða á einu af fimm verkefnum sem áður hefur verið lýst, eða bætt við nýju verkefni/æfingu sem þarf að vinna og sýna kennaranum í lok kennslustundarinnar eða það má nota það sem grunn fyrir umræður eða annars konar þáttöku. Niðurstöðum þessara verkefna verður hvorki skilað né safnað. Heldur má taka það sem litla kynningu eða efni til umræðu úr verkefnum sem bent var á fyrir ofan.

Hver nemandi hefur 10% af matinu í þessum hluta fyrir hvern umsagnartíma (samaltals 30%). Ef nemandinn mætir ekki í tíma, mætir ekki með nauðsynlegt efni, vinnur ekki eða tekur ekki þátt í æfingu/verkefni sem boðið var upp á, verður hann dreginn niður um eitt stig eða einkunn í hvert skipti (til minnis 10=100 það þýðir 1% í námsmati). Námskeiðin skiptast í 4 fasta tíma vikulega = það gerir 0.50 fyrir hvern tíma sem nemandi er fjarverandi eða óvirkur.

Nemendur sem mæta ekki í tíma munu því fá mínus einn. Ef um veikindi eða leyfi er að ræða skal láta kennarann vita. Ef tímasetningar rekast á við önnur fög verður nemandinn beðinn um að skipuleggja tímann sinn eða nýta sameiginlegar vinnustundir annarra námskeiða (verkefnatíma) eða þær sem tilheyra viðkomandi námskeiði (okkar verkefnatíma í sögunni).

Kennsla fer fram annað hvort sem stað- eða fjarkennsla. Kennarinn er við einu sinni í viku í Grundarfirði og þann dag er ekki hægt að vinna upp með verkefnatíma.

Áætlun væri í stuttu máli:

Umsögn 1 = Tímaverkefni 1 (10%) +Tímaverkefni 2 (10%) + virkni og þátttaka Nr.1 (10%)

Umsögn 2 = Tímaverkefni 2 (10%) +Tímaverkefni 2 (10%) / Tímaverkefni 3 + virkni og þátttaka Nr.2 (10%)

Frá umsögn 2 til enda gildir virkni og þátttaka 10%

3. Lokaverkefni (20%)

Tímasetning: 2 til 3 vikur. Nemendaferð / Rannsókn/ Kynning / Umræða

Dæmi um Lokaverkefni: Nemendur skulu skipuleggja ferð á safn eða menningamiðstöð sjálfir. Í kjölfarið munu þeir semja kynningu í tíma um þá þætti sem kennarinn tilgreinir. Leiðbeiningar fyrir þetta verkefni verða afhentar frá og með apríl.

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Það eru fjórar fastar kennslustundir í áfanganum í hverri viku og er skyldumæting í þær allar. Allar verklýsingar koma fram í Moodle, sem og skilafrestir, skilakassar fyrir verkefni. Kennari leggur inn hvert efni, bæði í kennslustund og á Moodle en nemendur vinna verkefni einir og í hópum. Námskeiðið fer fram sem staðkennsla (David er í Grundarfirði einu sinni í viku) og á “Teams”, alltaf skyldumæting fyrir dagskólanemendur. Nemendur verða einnig beðnir um að mæta saman í kennsluhúsnæði/kennslurými sem er til að afnota í FSN þegar kennsla fer fram á “Teams”. Símanotkun er bönnuð á kennslutíma!
Um skilafrest og vanskil:
Skilakassar loka kl. 23:59 á föstudögum og ekki er gefinn neinn frestur á verkefnaskilum. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinum verkefnaskilum í sérstökum tilfellum.
Um próf:
Námsmat í þessum áfanga er leiðsagnarmat, en það felst í stöðugri leiðsögn til nemenda á önninni, þar sem þeir hafa tækifæri til að bæta vinnu sína til að auka framfarir. Ekkert eiginlegt

lokapróf eða próf er í áfanganum, en verkefni, ástundun og vinna nemenda er metinn til lokaeinkunnar.

HEGÐUN OG VINNUBRÖÐ

Það á að mæta tímanlega (annars er skráð S/seint í kerfinu í listaskráningu) og má ekki vinna verkefni annars staðar ef kennarinn veitir ekki leyfi til þess. Þegar kennsla fer fram í fjarkennslu eru nemendur hvattir til að nota aðstöðu skólans: kennslustofurnar, aldrei sófana eða aðra staði sem eru ekki við hæfi.

Það er stranglega bannað að borða á meðan kennslustund stendur og að drekka annað en vatn. Orkudrykkir eru bannaðir.

Óviðeigandi hegðun gagnvart öðrum nemendum eða stafsfélögum verður skráður í Innu.

VIKUSKEMA (Samkvæmt Stundasrka á Innu)

Dag 1: Kynning/Kenning/Verkefni/Umræða

Dag 2/3: Lesefni/ Kynning/ Verkefni / Umræða

Dag 3/4: Einstaklingsviðtal / Myndband

NÁMSÞÆTTIR

1. Seinni heimsstyrjöldin: Helförin
2. Kalda stríðið: Þjóðarmorð í Asíu (Kambódía, Indónesía), Afríku (Rúanda, Nígería, Eþíópía) og Ameríku (Gvatemala)
3. Eftir fall Berlínarmúrsins: Þjóðarmorð á Balkanskaga
4. Nútíminn: Stríðsátök í Úkraínu og Palestínu

Um verkefnaskil

Tímaverkefni 1-4: Podcast

Verkefnin númer 1, 2, 3 og 4 eru sama: Búa til Podcast.

Hver nemandi mun, annaðhvort einstaklega eða í hóp (án fjöldatakmarkana), búa til 5 mínútna hlaðvarp þar sem fjallað er um eitt af þeim þjóðarmorðum sem hafa verið rædd í

kennslunni.

Verkefnið skal byggjast á að minnsta kosti fimm mismunandi heimildum og innihalda að lágmarki eftirfarandi atriði:

- Sögulegt samhengi
- Skilgreining á málinu (hvað, hvernig og hvenær)
- Greining á fórnarlömbum og gerendum þjóðarmorðsins
- Afleiðingar
- Umfjöllun fjölmiðla á þeim tíma
- Alþjóðlegur stuðningur eða viðbrögð
- Notkun einstakra vitnisburða

Tímaverkefni 5. Kynning og Umræða. Dagskólanemendur velja sig saman í hóp kvikmyndir frá nútímanum sem fjalla um fornsöguleg dæmi um þjóðarmorð. Nemendur og kennari skulu leita og gera saman kvikmyndalista, sem nemendur nota til að velja eina. Eftir að horft hefur verið á hana innan skólahópsins munu verða umræður sem kennari stýrir. Þátttaka í verkefnum sem eru undanfari listans og svo aðallega þátttaka í umræðum, verður metin mest. Fjarnemendur gera skýrslu um kvikmynd í staðinn.

Lokaverkefni eða Tímaverkefni 6. Verklegt verkefni (nemendaferð?). Læra að efla gagnlega/hagnýta þekkingu. Kennarinn mun leita til stofnanna eða fyrirtækja til að óska eftir samvinnu með þetta verkefni. Þátttaka í nemendarferð gætið verið tækfæri til þess að afla gagnlegrar/hagnýtrar þekkingar á þennan hátt, ásamt því að vinna lítið verkefni sem fylgir með. Það verður tilkynnt með fyrirvara hvaða nemendaferð verður í boði og hvaða verkefni fjarnemendur vinna í staðinn.

Um Verkefnaskil: Aukaverkefni Fjarnema: Lesefni og Verkefni um Dagók Önnu Frank / Mause

Áætluð Yfirferð

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
Vika 33 10. - 16. ágúst	11. ágúst – stundatafla birt 15. ágúst - Nýnemadagur	
Vika 34 17. – 23. ágúst	18. ágúst – kennsla hefst Kynning á námskeiðið	
Vika 35 24. – 30. ágúst		
Vika 36 31. ágúst – 6. september	1. Seinni heimsstyrjöldin: Helförin	Tímaverkefni 1
Vika 37 7. september – 13. febrúar		
Vika 38 14. – 20. september	2. Kalda stríðið: Þjóðarmorð í Asíu (Kambódía, Indónesía), Afríku (Rúanda, Nígería, Eþíópía) og Ameríku (Gvatemala) 22. – 23. september – Námsmatsdagar	Tímaverkefni 2
Vika 39 21. – 27. september		Virgni og Þátttaka dagskólanemenda í kennslustundum/Aukaverkefni Fjarnemendur númer 1
Vika 40 28. september – 4. október	3. Eftir fall Berlínarmúrsins: Þjóðarmorð á Balkanskaga	

	Framhaldsdeild	
Vika 41 5. október – 11. október	3. Eftir fall Berlínarmúrsins: Þjóðarmorð á Balkanskaga 6. október – Valtímabil hefst 10. október – Valtímabil lýkur	Tímaverkefni 3
Vika 42 12. – 18. október	4. Nútíminn: Stríðsátök í Úkraínu og Palestínu Námsmat 17	
Vika 43 19. – 25. október	5. Nútíminn: Stríðsátök í Úkraínu og Palestínu Þemavika 10. mars - Framhaldsdeild í FSN 20.- 21. október Haustfrí	Tímaverkefni 4
Vika 44 26. október – 1. nóvember	5 Kvikmyndir og heimildamyndir um þjóðarmorð Námsmatsdagur 7. nóvember	Virgni og Þátttaka dagskólanemenda í kennslustundum /Aukaverkefni Fjarnemendur númer 2
Vika 45 2. – 8. nóvember		
Vika 46 9. nóvember – 15. nóvember	Framhaldsdeild	Tímaverkefni 5

Vika 47 16. – 22. nóvember		
Vika 48 23. – 29. nóvember		Lokaverkefni
Vika 49 30. nóvember – 6. desember		Virgni og Þátttaka dagskólanemenda í kennslustundum /Aukaverkefni Fjarnemendur númer 3
Vika 50 7. desember – 13. desember	Framhaldsdeild í FSN	Sjúkraverkefni
Vika 51 14. – 20. desember	Námsmat Útskrift	
Vika 52 21. – desember .-	Jólafrí	

